

Alþingi

við Austurvöll

Reykjavík

Borgarnesi, 28. október 2021

Varðar: Utankjörfundaratkvæði

Vísað er til bréfs Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, dags. 25. október sl. varðandi utankjörfundaratkvæði í kosningum til Alþingis 25. september 2021.

Þau utankjörfundaratkvæði sem voru ógild voru það vegna þess að kjósendi hafði mætt á kjörstað. Því voru þau ógild lögum samkvæmt og því ekki þörf á því að kynna það umboðsmönnum.

Að öðru leyti skal þetta tekið fram:

- a) Ytri umslög utankjörfundaratkvæða voru ekki opnuð áður en þau bárust kjördeildum.
- b) Utankjörfundaratkvæði sem bárust frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu voru send síðdegis á laugardegi í kjördeildir í Borgarnesi, Akranesi, Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík. Utankjörfundaratkvæði voru ekki send í aðrar kjördeildir í kjördæminu heldur voru þau flokkuð á talningarstað í Borgarnesi. Umboðsmenn voru ekki viðstaddir þá flokkun.
- c) Utankjörfundaratkvæðin sem bárust frá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu voru í óinnsigliðum pappakassa og þau atkvæði sem voru send í kjördeildir (sjá svar b) voru ekki innsiglið áður en þau voru send þangað.

f.h. fráfaramandi yfirkjörstjórnar í

Norðvesturkjördæmi.

Ingi Tryggvason fráfaramandi oddviti